



2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LĀTUM **DRAUMANA** RĀETĀST.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	6
3	Innra mat Umbótaráætlun Miðhúss 2023.....	19
4	28
5	Innra mat sérkennslu.....	28
	Innra mat – fjöiltyngd börn	32
	Umbótaáætlun – fjöiltyngi 2023-2024	32
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	35
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	35
8	Foreldrasamvinna.....	35
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	35
10	Fylgigögn.....	35
	10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	35



1 Greinargerð leikskólastjóra

Í Tjörn er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í kærleiksríku umhverfi. Börnin eru hvött til þess að setja orð á tilfinningar. Þau setja sér sjálf markmið og meta sitt eigið nám/færni. Þau eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig, það er mikilvægt að þau fái hlutverk í daglegu starfi. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra. Viðfangsefnin eru krefjandi en taka mið af færni hvers barns. Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika þeirra. Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir.

Meginmarkmið Tjarnar er að þegar börnin útskrifast frá Tjörn verði þau með sterka sjálfsmynd og tilbúin að standa með sjálfum sér.

Við settum okkur markmið með síðustu umbótaráætlun að auka enn meira flæði sem merkir frjáls leikur, inn í skólann. Með því að gefa börnunum meira vægi til þess að stunda frjálsan leik. Frjáls leikur barna á að vera sjálfsprottinn og er eðlilegt tjáningarform þeirra – Á tímum breytinga og samfélagsmiðla telja margir fræðimenn enn mikilvægara að börn fái vægi til þess að fara í hlutverkaleiki með því að setja sig í spor annarra og æfa félagsleg samskipti með líkamlegum tjáskiptum. Sjálfsprottinn leikur gengur út á að börnin ákveða sjálf að leika og setja reglur og ákveða hvernig leikurinn þróast. Allar hugmyndir eru réttar og allt er mögulegt, því mjög skapandi og mikil núvítund fyrir börnin sem gjarnan gleyma sér í leik. Við höfum t.d. teygst á skipulaginu með því að byrja ekki strax kl. 9.30 í samverustund þ.e. ef góður leikur er í gangi og fyrir vikið getum við byrjað kl. 10.00 í samverustund. Eins eru flestar deildir komnar með svokallaða flæðandi kaffitíma. Með því skipulagi sitja kannski sjö börn í einu við kaffiborðið á meðan önnur eru í frjálsum leik. Ég sé gríðarlega skemmtilega hluti þróast í skólanum í ljósi þessa.

Og það sjá fleiri utanaðkomandi, vegna þess að skólinn fór í gegnum langt og strangt ytra mat á vegum Menntamálstofnunnar síðastliðinn vetur. Það var tekið sérstaklega fram í skýrslunni hversu börnin léku sér fallega í skapandi umhverfi.

Útkoman er vægast sagt stórgóð, við komum út sem gæðaskóli í öllum þeim þáttum sem metnir voru. Sjá skýrslu : https://mms.is/sites/mms.is/files/tjorn_lokaskyrsla.pdf í öllu skólastarfi eru tækifæri og við erum þar alls engin undantekning, enda viljum við vera í stöðugri þróun og gera betur í dag en í gær. Helsta áskorunin er að vinna meira saman á milli húsanna tveggja. Við viljum reyna bæta úr því með að setja inn í umbótaáætlun áskorun þess eðlis að elstu börnin í sitthvoru húsinu

Gerði athugasemd [MMK1]: hvað þýðir "enn meira flæði"?

vinni saman að verkefni sem tengist náttúrufræði. Við erum loksins að fá nýjan leikvöll við Tjarnarborg, þar mun rísa gróðurhús sem verður meðal annars nýtt í verkefnið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í skólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008, 35, er fyrst og fremst að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda. Einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi barna/nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þau/þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Ytra mat felur í sér hvoru tveggja eftirlit með og stuðning við skólastarf. Meginstef ytra mats er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra

Núna á vordögum fengum við í hendur foreldrakönnun sem var á vegum Skóla og frístundaráðs - Enn og aftur fáum við frábæra útkomu. Þátttaka foreldra var góð 83% svörun – Foreldrar upplifa mjög góðan anda í skólanum og treysta kennurum og stjórnendum vel fyrir starfinu. Helsta áskorunin er að fá foreldra meira inn í mat á námi og þátttöku í starfinu. Við ætlum að setja inn í skipulagið fleiri foreldrasamtöl. Hingað til hafa formleg viðtöl verið einu sinni á ári, en næsta misseri verða þau tvisvar, fyrir og eftir áramót. Næsta vetur höldum við áfram að vinna með flæði (frjálsan leik) og hæglátt uppeldi sem snýr að núvitund, rólegu og yfirveguðu, skapandi/hvetjandi umhverfi.

Ég vil þakka sérstaklega þeim foreldrum, börnum, kennurum sem enduðu í rýnihópum fyrir þátttökuna sem og öðrum fyrir góð og gefandi samskipti á liðnum vetri.

Gerði athugasemd [MMK2]: ?



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Flæði/frjáls leikur Uppeldisleg skráning	Á fundum með starfsmönnum - Börnum	Kennarar, foreldrar, börn	Flæðið mjög gott, góður frjáls sjálfssprottinn leikur, börnin ánægð.
			Tækifæri – að gefa frjálsa leiknum enn meira vægi – með því að færa til stundarskrá!
			Skráning gengur vel – Tækifæri til umbóta er að vinna skráningun þéttar. Jafn og þétt yfir veturinn.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Mat á vegum Menntamálstofnunnar	Sérfræðingar á vegum Menntamálstofnunnar – Rýndu í stafið – Rýnihópar	Kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar og leikskólastjóri.	Styrkleikar – Gæðastarf í öllum þeim þáttum sem metnir voru!
			Tækifæri – að koma foreldrum meira inn í mat á starfi skólans – Meiri samvinna á milli húsa -
			Við ætlum að bæta við fleiri foreldrasamtölum - Og setja af stað samvinnuverkefni elstu barnanna í sitthvoru húsinu sjá greinagerð leikskólastjóra.
			Foreldraráð – Tækifæri til úrbóta: er að vera sýnilegri!
Foreldrakönnun á vegum skóla og frístundar			Mjög góð útkoma í öllum þáttum – svarhlutfall var 83,% Mikil ánægja með skólann, 4,9 af 5 í flokknum andrúmsloft og



			4,8 af 5 í trausti og öryggi - Það er samræmi í öllum könnunum hvað varðar þátttöku foreldra í starfinu – Þar er tækifæri til þess að leiða foreldra meira inn í starfið.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Innra mat							
MATSPÁTTUR	umbóta					metið/aðferðir?	árangur
Stjórnun							
Stjórnenda - teymi – fundi oftast saman.	Stjórnenda-teymi fundi oftast saman á milli húsa	Fundir sameiginlega tvisvar á önn	leikskólastjórnari	Septem ber		maí	Meiri skilvirkni og samvinna á milli húsa
Uppeldis- og menntastarf							
Frjáls leikur, flæði, hæglátt uppeldi	Teygja á dagskipulagi	Sveigjanleiki í skipulagi	deildarstjórnari	sept		Reglulega á deildarfundum sem eru á tveggja vikna fresti	Sterkur sjálfsprottinn leikur og sterk börn
Mannauður/Leikskólabragur							
Efla félagsandann	Hittast eftir vinnu í hreyfingu	Dans í kramhúsinu	Allir starfsmenn	sept	júní	starfsdögum	Gleði 😊
Innra mat							



Lækur innra mat – yngri barna deild, aldur 2-4 ára

Haustið á Læk hófst með hefðbundnum hætti og við gátum blessunarlega boðið nýjum börnum að aðlagast inni í húsi ólíkt síðustu tveimur vetrum. Tólf ný börn komu á deildina og var aðlögunartímabilið heldur langt eða frá ágúst og fram undir miðjan október. Það voru örlitlar breytingar í starfsmannahópnum þar sem einn starfsmaður fór í barneignaleyfi í ágúst/september og við fengum einn og hálfan starfsmann inn á deildina um haustið. Í heildina voru við með 18 börn sem var skipt niður í 4 hópa. Hópastarfið fór því aðeins seinna af stað en ella, en það var komið á fullt skrið undir lok októbermánaðar.



Ólíkt síðustu árum þá tóku litlu grænmetisbændurnir engar kartöflur upp vegna þess að við áttum að fá nýja lóð um sumarið sem ekki varð raunin og því var útsæði ekki sett niður. Aðrir þættir í dagskipulaginu héldu sér og var málörvun með Lubba og sérstökum málörvunarstundum, Fjólustundum, fléttað inn í starfið með yngstu hópnum á deildinni. Við lögðum áherslu á táp og hreysti í eldri hópnum tveimur, fórum í vikulegar vettvangsferðir um nærumhverfið okkar og um vorið gengu börnin heim til sín og sýndu okkur sitt umhverfi. Í þessum ferðum var gengið, hlaupið, klifrað, spáð í veðri og staðháttum sem fléttast svo inn í þemu í listsköpun. Skapast hefur hefð fyrir því að heimsækja bóksafnið í Grófinni, ferð niður á gömlu höfnina, Vatnsmýrina, Hallgrímskirkju, flesta almenningsgarða vestan og austan við lækinn og leikvelli og að minnsta kosti eina sýningu á listasafni.



Samkvæmt síðustu umbótaráætlun var lagt upp með að vinna með umhverfismennt, einn hluti þess verkefnis var að kynna börnin fyrir hringrás endurvinnslunnar. Í þessum vettvangsferðum sáum við ærið tækifæri þegar heimsókn í garð barns var að ljúka og umbúðir utan af nasli og drykkjarfernum lá á við og dreif eftir okkur. Inn í nokkrar ferðir tvinnuðust grenndargámaferðir þar sem börnin fengu að flokka sorpið okkar. Yngri hóparnir fengu því að nýta rýmið í húsinu betur á meðan gönguhóparnir voru úti og treysta böndin í næði. Um vorið hófu þau vikulegar gönguferðir um helsta nágrenni og verða því færir göngugarpar um haustið. Við gengum aðeins og lengra í umhverfismenntinni og vöndum börnin á að nota handklæði í stað þess að þurrka sér með pappírþurrkum sem við notuðum í faraldrinum. Ljósbirta var takmörkuð í tómun stofum og börnin kveiktu ljós þegar við nýttum önnur rými en deildina okkar og slökktu þegar við fórum út úr þeim.



Eins og áður var leiknum gert hátt undir höfði, starfsfólk fór eftir skipulagi og skipti sér niður á leikstöðvar til að skapa ró og næði fyrir börnin. Passað var vel upp á að elsti árgangurinn fengi útrás í hlutverkakrók og haldið var vel utan um leikinn og starfsmaður alltaf á hliðarlínunni til að styrkja þau í leiknum ef þess þurfti.

Um vorið voru ræddum við starfsfólkið við börnin um hávaðann sem skapaðist í nónhressingunni, við ákváðum því að prófa að hafa flæði í þeirri stund. Eftir hvíld og leik

komu börnin saman inn í sögustund og fyrstu fimm var boðið fram í hressingu, þeim var svo boðið að fara á neðri hæðina eða aftur í sögustund og næstu fimm fóru og fengu sér að drekka. Þetta gekk mjög vel fyrir sig og allir sammála um breytingu til batnaðar.

Tákn með tali var notað markvisst með einu barni og á deildarfundum var farið yfir áherslur og ný tákn með sérkennslustjóra. Allir starfsmenn eldust því í TMT og öll börnin nutu góðs af því.

Gluggasýllurnar á Læk iðuðu af lífi í sumar, börnin settu niður sykurbaurir og fylgdust spennt með baunum spíra og vaxa. Þau sáu alfarið um vökvun og fylgdust með blómgun og myndum baunabelgja sem þau fóru með heim og fengu leiðbeiningar um hvernig mætti halda áfram að rækta heima og njóta/borða. Einnig voru sett niður fræ af basilíku og steinselju sem varð eftir á Læk börnum og starfsfólki til yndisauka. Umræður smökkun og jafnvel pestógerð var sett í gagnið.



Umbótaþættir síðasta vetrar gengu vel eftir og verður áfram unnið með umhverfismennt og þá farið dýpra í þann þátt. Deildarstjórar sóttu ráðstefnu og vinnubúðir um hæglátt

leikskólastarf og var tekin ákvörðun á starfsdegi að við myndum vinna með það á komandi vetri. Skráningar í ferilmöppur barnanna gengu vel eftir og langar okkur af því tilefni að bæta um betur og leyfa börnunum að taka virkari þátt í hafa áhrif á hvað fer í möppuna þeirra. Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum okkar starfs, foreldrar fá tækifæri til að teikna fjölskyldumynd og þegar allir af innt mynd af hendi er sett upp sýning á ganginum á neðri hæð í augnhæð barnanna, þeirra til mikillar skemmtunar. Sameiginlegt heimaverkefni er svo að skila fjölskyldukorti með myndum af öllum í þeirra fjölskyldu/vina-mengi sem er svo plastað á Læk og börnin geta gripið í og skoðað/sagt okkur frá. Við viljum gjarnan bæta við einum öðrum þætti eins og bjóða foreldrum upp á að koma og lesa í sögustund á ákveðnum dögum.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Umhverfismennt a. Ræktun b. Endurvinnsla c. Jörðin okkar	a. Ræktun á mat og skrautjurtum í nýju gróðurhúsi skólans. Styrkja samvinnu og félagsþáttinn	a. Aðgangur að mold og/eða moltu, ávaxtafræjum og laukum í upphafi vetrar – tvinnu inn í hópastarf. b. Flokka betur inni á deild og hafa sér dall fyrir matarafgang a. c. Umræður í samveru og daglegu starfi.	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Haust	Vor	a. Samtöl á deildarfundum og ljósmyndaskráning b. Endurmat á deildarfundum c. Endurmat á deildarfundum	a. Að öll börn fari heim með plöntu að sumri – að mat laukar og jurtir séu nýttar í matinn í skólanum b. Að börn geri sér grein fyrir hvar úrgangur/afskurður er. c. Að börnin verði meðvitað um og gangi vel um jörðina.
Hæglæti	Að börnum gefist kostur á að dvelja lengur við leik og störf	Yfirfara dagskipulag og stokka upp hópnum fyrir þessar stundir og hætta að láta stjórnast alfarið af tímanum	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Haust	Vor	Samtöl á deildarfundum	Að börn hafi fengið meira næði í leik og störfum og að starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess
Foreldrasamstarf	Að foreldrum sé boðið til þátttöku í starfinu	Þjófna foreldri að koma og lesa fyrir hópinn/ spila á hljóðfæri	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Haust	Vor	Endurmat á deildarfundum og ljósmyndaskráning	Að a.m.k. 2 foreldrar komi á haust- og vormisseri og taki þátt



Innra mat Miðhúss 2022-2023

Velferð og hagur allra barna er haft að leiðarljósi í öllu starfi með börnunum í Miðhúsi og þannig flettast inn í einkunnarorð skólans frumkvæði, vinátta og gleði. Frumkvæði ýtir undir sjálfsmynd barnanna og eflir skapandi hugsun þeirra þar sem þau eru þátttakendur í hinum ýmsu athöfnum og ákvörðunum í daglegu starfi. Mikilvægt er að börnin skynji að á þau sé hlustað. Þetta leiðir einnig til styrkingar á lýðræðis hugsun hjá börnum. Vinátta er mikilvæg í umhverfi allra barna. Í frjálsa leiknum sem fær mikið pláss eru tækifæri nýtt til umræðna við börnin og þau hvött til að leita leiða til úrvinnslu og setja sig í spor annarra. Við kennarar upplifum að þar sem gleði og gott samstarf er í fyrirrúmi verða samskiptin auðveldari og skilar sér í endurgjöf. Þannig eflum við faglegt starf.



Eftir sumarfrís opnun í ágúst ár hvert er næsta víst að aðlögun nýrra barna hefst í skólanum. Haustið 2022 byrjuðu sjö ný börn í Miðhúsi og í kjölfar þess flutti elsti árgangur barna af deildinni í Melhús sem er eldri deildin í skólanum. Það ríkir ávallt tilhlökkun í þeim barnahópi enda er mikil samvinna á milli deilda í

húsinu allt árið þannig að börnin þekkja vel til kennara og auðveldar það þeim að aðlagast.

Samkvæmt skóladagatali voru skráðir hinir ýmsir viðburðir sem hægt var að framfylgja þar sem ekkert utanaðkomandi raskaði eins og undanfarin ár.

Á haustkynningu deildarinnar í október var mjög góð mæting foreldra. Efni vetrarins var kynnt og aðrar hagnýtar upplýsingar ræddar sem lúta að börnunum og starfi skólans. Kosið var í stjórn foreldrafélags og foreldraráð.

Í byrjun desember voru jólahefðir eins og piparkökubakstur. Eins var foreldrum boðið part úr degi að taka þátt í skapandi starfi í skólanum og þiggja veitingar. Jólball var einnig haldið í Öldukoti þó svo að foreldrafélagið hafi einnig séð um jólball sem haldið var í Ráðhúsinu einn laugardags part. Foreldrum hefur staðið til boða að koma eina kvöldstund í desember og skreyta innan húss sem utan. Þetta árið var það með miklum glæsibrag af þeim foreldrum sem sáu sér fært að mæta.

Eftir tveggja ára hlé tókum við hér í skólanum aftur upp þá hefð að bjóða í ömmu og afa morgunkaffi á sjálfan bóndadaginn. Góð stemning myndaðist og var töluvert um að fólk þekktist frá fyrri tíð og gómul tengsl rifjuð upp. Þetta var vel heppnað og skemmtileg stund.

Í lok febrúar og byrjun mars bauðst foreldrum að koma í viðtal við kennara þar sem farið var yfir hinar ýmsu skráningar, form sem lúta að þroska og áhugasviði barna. Einnig er almenn líðan barnsins rædd og aðrar hagnýtar upplýsingar. Með svona viðtölum styrkjast tengsl skóla og heimilis.

Til að auka enn betri sýn á hvað börnin eru að nema í hinum ýmsu aðstæðum í skólanum fá foreldrar sent fréttabréf á tveggja vikna fresti sem deildarstjóri ber ábyrgð á. Einnig fá foreldrar sendar myndir úr starfinu með börnunum í gegnum myndaforrit Sway. Við kennarar teljum þetta góða leið fyrir foreldra og börn til að eiga stund saman og ræða leikskóla heiminn.



Málhljóðsverkefnið *Lubbi finnur málbein* hefur skipað fastan sess í starfi með börnunum. Miðlað er til foreldra á hálfmánaðar fresti hvaða hljóðstafur er æfður, einnig lag og texti hverju sinni. Tilvalin leið til að syngja saman heima.

Í byrjun árs höfðu nokkrir kennarar tækifæri á að fara á námskeið í skráningu á málþroska ungra barna TRAS á vegum Endurmenntunar Háskólans. Í kjölfarið kviknaði áhugi í kennarahópnum að hvert

barn fengi sína málþroska skráningu. Með svona vinnu gefst tækifæri til þess að grípa inn í ef svo ber við.

Stöðvavinna í leikskólanum hefur verið starfrækt í mörg ár á hverjum föstudegi. Börnin fá sjálf að velja hvað þau vilja einnig hafa þau vægi til að ákveða efnivið og leik. Stöðvavinna fluttist í vetur yfir á fimmtudaga vegna þess að á föstudögum var færri starfsfólk í húsinu vegna styttingu vinnuvikunnar.



Með breytingunni býðst meira val og fjölbreyttara flæði um allan skólann. Starfsmannahópurinn sýndi að lýðræði, jákvæðni og sveigjanleiki gera breytingar auðveldari.

Á einum af mörgum góðum deildarfundum nú á vormánuði kom upp umræða hvort ætti að breyta



kaffitíma barnanna og bjóða upp á svo kallaðan flæðandi kaffitími. Mikil umræða skapaðist um kaffitímamann því börnin eru misfljót að borða þannig að biðtími getur skapast fyrir þau börn sem eru fljót að borða.

Ákvörðun var tekin um að nýta eitt herbergi á deildinni sem býður upp á að fimm börn ásamt einum kennara geta verið þar í einu. Þeir kennarar sem eru við önnur störf á deildinni sjá um að öll börn fari og fái næringu og halda skráningu til haga. Með þessari breytingu er markmiðið að

skoða hvort andrúmsloft verði rólegra og að hvert barn fái sinn tíma sem þarf.

Í umbótaráætlun 2022-2023 var markmið í Miðhúsi að elstu börn deildarinnar myndu meta líðan sína úr hinu fjölbreytta daglegu starfi skólans á myndrænan hátt. Slík skráning hefur verið í þróun um tíma og sjáum við kennarar að vel hefur tekist til að vekja áhuga barnanna um að vera þátttakendur og framfarir



sýnilegar.
Skráningar

sem þessar fara í ferilmöppu þeirra sem fylgir þeim alla leikskólagönguna. Einnig var stefnt að vekja áhuga barnanna á nærumhverfi skólans. Farnar voru vettvangsferðir þar sem elsti árgangur deildarinnar fékk myndavél til notkunar og þau hvött til að fanga það sem kveikti áhuga þeirra í umhverfinu. Kennarar tóku ljósmyndir af börnunum þegar þau voru sjálf að taka myndir og fara þær í ferilmöppur barnanna.

Þeir sem starfa með börnunum hafa fundið fyrir auknum áhuga þeirra á að skoða ferilmöppu sína og annara barna. Aðgengi að þeim er gott svo og allar ljósmyndaskráningar sem bæst hafa við þetta skólaárið. Teljum við kennarar að vel hafi tekist til með markmiðin sem lögð voru upp með haustið 2022 en alltaf má bæta og endurskoða.



Þegar litið er yfir starfið frá haustið 2022 til vorsins 2023 geta kennarar og annað starfsfólk verið stolt yfir hversu vel hefur tekist til. Það skrifast á góða

samvinnu, samhljóma áhuga og festu sem er í starfsmannahópnum. Þessi styrkleiki í starfsmannahópnum hefur áhrif á allt starfið með börnunum til góðs. Að sjá og upplifa framfarir og þann þroska sem barnahópurinn hefur sýnt fram á frá hausti til vors eflir okkur að halda áfram með okkar góða starf.

3 Innra mat Umbótaráætlun Miðhúss 2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Börnin taka sjálf myndir úr starfinu	Að hverju er stefnt? Að börnin taki sjálf myndir í vettvangsferðum, af einhverju sem vekur áhuga þeirra.	Hvernig framkvæmum við það? Tökum með myndavélar í vettvangsferðir og börnin taka myndir. Þau velja sjálf myndefnið.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Starfsfólk deildarinnar	Haust 2023	Vor 2024	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Myndskráningar unnar út frá ljósmyndum barnanna, samtöl við börnin hvernig til tókst og hvað þeim fannst um verkefnið. Endurmat að vori í starfsmannahópn um.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að öll börnin eigi myndskráningar þar sem myndir sem þau tóku sjálf koma fram. Börnin sýni frumkvæði og áhuga að taka sjálf myndir.
	Flæðandi kaffitími	Að öll börn, óháð aldri, taki þátt í flæðandi kaffitíma og kynnist fyrirkomulaginu	Kynnum strax í haust fyrir aðlögunarbörnum hvernig fyrirkomulagið er á flæðandi kaffitímum	Starfsfólk deildarinnar	2023	2024	Flæðandi kaffitíminn er tilraun á haustmánuðum þar sem ekki liggur fyrir samsetning barnahópsins og aldur. Starfsfólk



						<p>ætlað að meta í haust hvort beðið verði fram að áramótum með flæðandi kaffitíma.</p>	<p>kunna að biðja eftir að röðin komi að þeim.</p>
--	--	--	--	--	--	---	--

Tjörn – eldri deild á Tjarnarborg

Skólaárið 2022 – 2023 hefur verið nokkuð sérstakt á Tjörn því aldrei áður hefur komið upp sú staða að útskriftarárgangur skólans vanti í húsið. Þetta var þó fyrirséð og kom fram í ársskýrslu seinasta árs. Aðeins tveir árgangar voru á Tjörn í vetur, 12 börn fædd árið 2018 og 7 börn fædd 2019. Aðlögun þeirra barna sem komu af yngri deild skólans gekk að vanda áreynslulaust fyrir sig eftir að myndarlegur 6 ára hópur kvaddi okkur í lok ágúst. Starfsmannahópurinn á deildinni var að mestu sá sami og áður, með góðum liðsauka þó, sem er mikils virði til að halda bæði í þekkingu og starfshætti.

Námsferð skólans til Brighton vorið 2022 var mikil vítamínssprautu-, innblástur og kveikja nýrra hugmynda sem varð til þess að við skiptum m.a. út hluta af leikfni sem var til boða á deildinni út fyrir náttúrulegri efnivið. Sérstakur gaumur var gefinn að fagurfræði innanhúss og að gróðri og grænku. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og gaman að fylgjast með hvernig börnin blanda saman efni úr ólíkum áttum í leik sínum.

Hugur var í fólki í upphafi vetrar og samhliða því markmiði okkar að láta reyna á hvernig við gætum stuðlað að auknum sveigjanleika í dagskipulaginu var stefnt að nokkuð hefðbundnu skólastarfi til að byrja með. Við vildum auka flæðið í deginum til að leikur barnanna fengi meira rými og þreifa okkur áfram þar. Allt var samt á sínum stað í byrjun, hópastarf tvisvar í viku, jóga tímar með yngri hópnum, vettvangsferðir, Lubbastundir hjá Fjólu sérkennara, verkstæðisvinna aðra hverja viku, samverustundir, söngur og sögustundir svo eitthvað sé nefnt. Það var þó áþreifanlegt að mörg verkefni sem fylgja útskriftarárgangi voru ekki hluti af starfinu í vetur.



Fljótlega kom í ljós að yfir heildina var barnahópurinn með eindæmum frjór í leik og við stóðum okkur æ oftar að því að hreinlega geta ekki brotið leikinn upp sem hefði kallaði á tiltekt og algjöra innrás í eitthvað sem var of fallett til að eyðileggja. Uppbrot á leik barnanna var gegn okkar betri vitund og hafa verið stigin stór skref í að auka flæðið í deginum þannig að leikgleði barnanna fái notið sín.

Nú á vordögum eftir að

sumarstarfsfólk bættist í hópinn höfum við tekið flæðið enn lengra og hefur m.a. morgun-samverustund fallið niður en sögustundir fyrir hádegismat komið í staðinn. Gleði og ánægja ríkir í hópnum og börnin finna fyrir því þau hafa meiri áhrif á gang dagsins. Mikilvæg breyting fyrir börnin var einnig að í eftirmiðdagskaffitíma skiptast börnin nú á að koma, til þess að fá sér að borða, ráða því hversu lengi þau sitja og halda síðan áfram leik sínum eða eru eins lengi úti og þau kjósa þ.e. geta valið milli inni- og útiveru. Sú breyting var mjög til góðs. Þessi sýn á sveigjanlegra dagskipulag hefur svífið yfir vötnum seinustu ár og fengið að síast inn hægt og rólega.

Á

hverju ári þarf að móta hvernig rammi hentar best á deildinni, hver barnahópur mætir með nýja orku og nýjar þarfir, hvert einstakt barn leggur sitt til. Sveigjanleiki til að gera það þarf að liggja í starfinu.

Eftir að tveir „langtíma“ starfsmenn luku störfum á deildinni, annar kominn á eftirlaunaaldur, kom tímabil þar sem þrír starfsmenn sinntu starfi þar sem áður höfðu verið fimm. Allt var þó látið ganga upp með jákvæðni og leit að lausnum en lærdómurinn af því tímabili var tvímælalaust sá að þó að allt gengi upp „verklega“ var það á kostnað þess að hvert barn fékk ekki eins mikla nánd og mátti glöggt

finna það á barnahópnum. Strax og lausn var fundin og fleiri starfsmenn bættust við breyttist það strax til hins betra.

Sérstök ánægja er að gamalgrónar hefðir eins og sumarhátíð, foreldrakaffi, ömmu og afa – kaffi og „skreytt fyrir jólin“ með foreldrum, komust aftur á dagatalið eftir covid. Hátíðir barnanna allar á sínum stað og þó við værum árinu yngri fengum við t.d. að sitja tónleika sinfóníuhljómsveitar Íslands sem útskriftarárgangi er alltaf boðið á. Einnig tóku eldri börnin þátt í verkefni „Play Iceland“ hópsins sem einnig er að verða föst hefð í starfinu. Eftir einstaklega kaldan vetur var okkur mjög umhugað um að komast meira út úr húsi og skipulagðar ferðir með minni hópum verið mikið í gangi í vor. Við ljúkum svo sumrinu með „sérúrræði“ í útivistarmálum því langþráð endurgerð á útileiksvæði skólans er hafin.

Í upphafi vetrar þurfti að setja niður skipulag yfir vinnutíma starfsfólks með styttingu vinnutíma, hlutastörf og undirbúningstíma í huga. Sem fyrr var það ekki auðvelt verkefni og það markmið okkar að halda stutta vikulega fundi til að styðja við og styrkja okkur í könnunaraðferðinni var ekki möglegt. Við munum leita leiða til að koma því á dagskrá næsta vetur.

Einnig var farið af stað með það markmið að reyna að nýta aðra leiksstofu deildarinnar eingöngu undir leik og skapandi starf til að verk barnanna og leikumhverfi geti fengið að standa um óákveðinn tíma í stað þess að þurfa alltaf að vera tekin niður. Þrátt fyrir góðan vilja reyndist þetta markmið aðeins of flókið en við munum skoða þann möguleika að geta gert þetta innan ákveðinna tímabila næsta vetur t.d. í þemaverkefnum sem standa í einhverjar vikur.



UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
	Sveigjanleiki í dagsskipulagi. Dýpka starf deildarinnar með könnunarleikinn. Skapa ytri aðstæður til að leikurinn fái að þróast til lengri tíma.	Hafa vikulega fundi þar sem eingöngu er verið að ræða starf/verkefni í tengslum við könnunarleikinn. Vera vakandi fyrir „nýjum“ möguleikum í leikumhverfi barnanna.	Sameiginlegt verkefni allra starfsmanna en deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd.	Unnið markvisst að þessum markmiðum síðastliðinn vetur og haldið áfram nú	Óákveðið	Skráning yfir veturinn og endurmat í lok starfsárs hjá starfsmannahópnum.	Samtal í starfshópnum og Mæling á ánægju í barnahópnum (spurningalisti)

If we believe that children possess their own theories, interpretations and questions, and that they are co-protagonists in their knowledge-building processes, the most important verb in educational practice is no longer to talk, to explain, to transmit, but to listen.

-Carlina Rinaldi, Reggio Emilia

Innra mat Melhúss 2022-2023

Aðlögun í Melhúsi hófst haustið 2022 þegar elstu börnin höfðu kvatt okkur. Aðlögunin gekk vel og þegar henni var lokið voru börnin göldruð í sína hópa. Elstu börnin í Melhúsi, fædd 2017, urðu að stjórnnum og börn fædd 2018 breyttust í sjóræningja. Galdrastundin er fastur liður og upphaf hópastarfsins og vekur alltaf mikla lukku og eftirvæntingu hjá börnunum.

Hópastarf hófst strax í september. Reglulegar vettvangsferðir voru farnar þar sem nærumhverfi leikskólans var nýtt vel. Landakotstún og sjóræningjaróló voru vinsælir áfangastaðir. Starfsfólk var vakandi fyrir myndrænni skráningu í öllum vettvangsferðum.



Hljóm var tekið á öllum börnum fædd 2018 og Fjóra sérkennari fór af stað með Lubba stundir. Í slíkum stundum er börnunum skipt niður í smærri hópa þar sem þau eru hvött til þátttöku. Mikil gleði var í barnahópnum með stundirnar.

Stöðvavinnan í Öldukoti hefur verið stór partur af okkar starfi en á haustmánuðum var ákveðið að breyta til og færa stöðvavinnuna af föstudögum yfir á fimmtudaga. Almenn ánægja var í starfsmannahópnum með þessa breytingu. Fleiri stöðvar voru mannaðar kennurum og börnin hafa jafnt og þétt komið meira að undirbúningi og þátttöku. Stöðvastjórahlutverkið hefur náð að festa sig í sessi þar sem eitt barn af hvorri deild aðstoðar kennara við undirbúning og skipulag. Einnig er það fastur liður í undirbúningi að fá hugmyndir frá öllum börnum að stöðvum. Gott flæði myndaðist í húsinu alla fimmtudagsmorgna og börnin fljót að átta sig á skipulagi stöðvavinnu. Með því að færa stöðvavinnuna yfir á fimmtudaga færðust deildarfundir og leikskólakennarafundir yfir á þriðjudag og gekk það mjög vel.

Kennarar í Melhúsi voru vakandi fyrir alls kyns boðum á viðburði víða um bæinn og var farið í margar ferðir yfir veturinn. Má þar nefna nokkurs konar stöðvavinnu í boði Play Iceland í Ráðhúsinu. Öll börn deildarinnar tóku virkan þátt í stöðvum sem voru í umsjá kennara frá mismunandi löndum. Í nóvember var öllum börnum boðið að taka þátt í opunarhátíð Airwaves sem fram fór á Elliheimilinu Grund. Slík samkoma krafðist mikillar þolinmæði og var það mat kennara að yngstu börn deildarinnar voru of ung fyrir þennan viðburð. Sögustund með Sleipni í Borgarbókasafninu var skemmtileg stund og í desember var farið á jólaball í Hörpu.



Desember mánuður einkenndist af rólegheitum og jólaundirbúningi. Aðventusöngstund var alla föstudaga í Brunni, börnin bökuðu piparkökur og áttu góðar stundir í leikskólanum. Við mikla gleði barna, kennara og foreldra var hægt að hafa skapandi jólagleði aftur. Slík stund hafði fallið niður síðustu ár vegna covid-19. Þann dag var foreldrum boðið að koma í leikskólann einn eftirmiðdag og eiga notalega stund með barni sínu og öðrum gestum. Vel var mætt og var heitt súkkulaði með rjóma vinsælt hjá öllum. Foreldri barns á deildinni bauð öllum börnum Melhúss á Hornið í heitt kakó. Eftir heimsóknina var rölt um í miðbænum og jólakötturinn skoðaður og jólatréð á Austurvelli. Við leggjum mikið upp úr að eiga rólegar stundir og skapa ró í hópnum og tókst það vel í þessari ferð. Stjörnur, elstu börnin, fóru með rútu í Árbæjarsafnið og fræddust um jólin í gamla daga. Mjög vel heppnuð ferð sem við viljum halda áfram að hafa í desember. Litlu jólin í Öldukoti voru með hefðbundnu sniði í ár, jólaball í Brunni (salnum) og svo jólamatur á eftir. Í ár komu ekki jólasveinar þar sem foreldrafélagið var með jólaball í Ráðhúsinu einn laugardagsmorgun.

Gott samstarf er við Vesturbæjarskóla og fóru elstu börnin í nokkrar heimsóknir í skólann. Einnig komu börnin í 1.bekk í heimsókn til okkar sem var mjög ánægjuleg heimsókn og gekk vel þrátt fyrir fjöldann.

Við leggjum mikið upp úr góðu foreldrasamstarfi. Haldinn var foreldrafundur í október þar sem starf deildarinnar var kynnt. Fámennt var á fundinum en góðmennt. Þennan dag var vetrarfrí í skólum Reykjavíkurborgar og teljum við að það hafi haft áhrif. Við upphaf Þorra

buðum við ömmum og öfum í morgunkaffi til okkar. Frábær mæting og mikil ánægja hjá öllum, ungum sem öldnum.



Í síðustu umbótaráætlun var markmiðið okkar að fara oftar í vettvangsferðir. Við teljum okkur hafa náð því markmiði. Vettvangsferðir voru flesta mánudaga þennan vetur en einstaka sinnum setti veðrið strik í reikninginn. Börnin kynntust vel nánasta umhverfi leikskólans. Að mati okkar kennara heppnuðust ferðirnar mjög vel og börnin voru mjög ánægð.

Allt starfsfólk er meðvitað um að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin. Samskipti kennara við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum og komið er fram við börnin eins og jafningja. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar sem er rauði þráðurinn í okkar daglega starfi. Börnin hella sjálf í glös og fá sér meðlæti með hádegismatnum. Tilgangurinn með því er að hver og einn geti bjargað sér sjálfur. Börnin eru dugleg að koma með óskir um stöðvar fyrir stöðvavinnu og er það partur af lýðræðishugsun okkar. Einnig var gengið nokkrum sinnum til kosninga yfir veturinn þar sem börnin kusu til dæmis um hvað ætti að vera í matinn og öðruvísi dag. Börnin velja sé verkefni þegar þau koma í skólann og taka ábyrgð á sínu vali. Börnin velja sönglöggin og stjórna söngstundum ásamt kennara.

Í ferilmöppum barnanna safna kennarar skráningum fyrir hvert barn. Möppurnar eru mjög aðgengilegar inni á deild og geta börnin sest niður með sína möppu og skoðað.



Myndskráningar og teikningar eru meðal annars í ferilmöppum barnanna. Einnig eru óskir barnanna fyrir stöðvavinnu skráðar á tiltekin blöð og geymd í möppunum þeirra.

Í vetur bauðst kennurum að fara á TRAS námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Einn kennari í Melhúsi fór á slíkt námskeið. TRAS heldur utan um skráningar á málþroska ungra barna. Þannig fær hvert barn sína skráningu og hafa kennarar þá tækifæri til að grípa fyrir inn í ef þess þarf.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 <u>Yfirlit yfir sérkennslu 2022- 2023 á leikskólanum Tjörn</u></p> <p>Alls voru 6 börn í sérkennslu á tímabilinu. 7 börn komu í málörvun og /eða í vinnu með framburð.</p> <p>5 börn komu sérstaklega vegna fjöltyngis . Einstaklingsmarkmið sett upp fyrir 9 börn.</p> <p>Málörvunarhópar á Læk, deild fyrir börn fædd 2019 til 2021 einu sinni til tvisvar í viku.</p> <p>Áframhaldandi innleiðing á Tákni með Tali inn á Læk í samvinnu við kennara.</p> <p>Lubba málörvunarstundir með áherslu á máhljóðsvitund með börn fædd 2017 til 2019 inn á Tjörn og í Melhúsi</p> <p>Unnið með frekari innleiðingu á sjónrænu skipulagi.</p> <p>Talmeinafræðingar unnu greiningarvinnu á tveimur börnum sem áttu að þeirri vinnu lokinni rétt á talþjálfun hjá talmeinafræðing á vegum sveitarfélagsins.</p> <p>Talmeinafræðingur kom í viðtal við sérkennslustjóra og deildarstjóra vegna framburðargreiningar á tveimur börnum.</p> <p>Sálfræðingur kom að greiningu á einu barni.</p>	<p>Endurmat á umbótaráætlun sérkennslu veturinn 2022-2023.</p> <p>Síðast liðinn september tók við nýr sérkennslustjóri í fullri stöðu sem var áður í stöðu sérkennara. Sérkennslustjóri var einnig tengiliður fjölmenningar og tengiliður samþættingar í BBB.</p> <p>Við höfðum sett okkur þau markmið að fastsetja fundi með deildarstjórum, sérkennara og sérkennslustjóra að lágmarki 3x á skólaárinu. Í september/október, janúar/febrúar og svo í apríl/maí. Einnig betri eftirfylgni með einstaklingsnámskrám og stuðning við deildar með snemmtækri íhlutun.</p> <p>Þessum markmiðum tókst að fylgja að þessu sinni og hefur sérkennslustjóri átt reglulega fundi með deildarstjórum og stuðningaðilum í sérkennslu. Náð hefur að fylgja einstaklingsnámskrám/ einstaklingsmarkmiðum að mestu leyti og eins hefur sá þáttur verið í stöðugri framvindu og uppfærslu.</p> <p>Deildarstjórar í Öldukoti fóru á Trash námskeið í vetur og býðst þeim kennurum og deildarstjórum sem eftir eru bæði á Öldukoti og Tjarnarborg að fara næsta haust.</p>
---	---



<p>Sérkennsluráðgjafi kom og skoðaði samskipti inn í elsta barnahópnum í Melhúsi og Miðhúsi, sú skoðun studdi við þá vinnu sem þá þegar var komin af stað. Hegðunarráðgjafi kom að máli eins barns og stuðningi við foreldra.</p> <p>Sérkennsluráðgjafi kom í haust til að styðja við og skoða vinnu með dreng fæddum 2020 inn á Læk og í framhaldi var stofnað teymi í kring um þann dreng og frekari greiningarvinna fer nú fram. Áfram var haldið í að innleiða TRAS skimunarlistann og EFI 2 málþroska skimun og aðstoðarleikskólastjóri heldur utanum HLJÓM og APES skimanir. Reglulegir fundir með deildarstjórum, kennurum og leikskólastjóra.</p> <p><i>júní 2023</i> <i>Fjóla Eðvarðsdóttir</i> <i>þroskaþjálfari/sérkennsla</i></p>	<p>Inga Antonsdóttir sérkennsluráðgjafi kom til okkar á starfsdegi og hélt fyrirlestur um ADHD til að styrkja kennara og starfsfólk enn frekar í starfi með börnunum.</p> <p>Sérkennslustjóri sótti fundi sérkennslustjóra þegar því var komið við, eins var talsvert um fundi og fræðslu á vegum lærdómssamfélag sérkennslustjóra í Rvk bæði var hægt að sitja fundina eða nálgast þá og fræðsluefnið í tölvutæku formi eða fjarfundar formi.</p> <p>Sérkennslustjóri sótti námskeið og fræðslu í tengslum við „Farsæld barna „ og nýju farsældarlögin/ Betri borg fyrir börn , BBB.</p> <p>Sérkennslustjóri sótti einnig námskeið í EFI 2 málþroskaskimun og er núna með réttindi til að leggja það fyrir og námskeið til réttinda í PECS.</p> <p>PECS (<i>The Picture Exchange Communication System</i>) er myndrænt boðskiptakerfi sem aðallega hefur verið notað með börnum með einhverfurófsröskun, sem hafa takmarkaða eða enga boðskiptafærni og búa ekki yfir færni til að nota talmál til að tjá sig</p> <p>Alls fengu 6 börn sérkennslu.</p> <p>4 börn komu í framburðarþjálfun.</p> <p>3 börn fengu utanumhald í formi athugunar, fræðslu og eftirfylgdar.</p>
---	--



	<p>11 börn voru í eftirfylgd eða þjálfun í tengslum við málþroska.</p> <p>Sérkennslustjóri var með málörvunarhópa fyrir yngstu börnin á Læk að meðaltali 1x í viku og Lubba hópa fyrir eldri hópana 1 x í viku alls 4 hópar, Lubba vinnan hefur skilað sér í ánægju barna og sterkari hljóðkerfisvitund sem leggur grunninn að lestrarkennslu og sterkari skilningi á íslensku máli almennt.</p> <p>Fjóla Eðvarsdóttir Sérkennslustjóri.</p>
--	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



<p>Halda til streitu fundi með deildarstjórum, sérkennara og sérkennslustjóra að hausti, vetri og vori með sérstakri áherslu á „Farsældarlögin“ og samþættingu Viðhalda eftirfylgni með einstaklingsnámskrám og þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Sérkennarar styðji við starf deilda með snemmtækri íhlutun sem hluti af forvörnum. Að allir deildarstjórar fari á námskeið í TRAS og eða EFI2 Fyrirhugað er að fá námskeið um Tengslamyndanir barna í skólann.</p>	<p>Að hverju er stefnt? Meiri skilvirkni, betra gegnsæi, meira utanumhald og betri upplýsingamiðlun og þekking á farsældarlögum snemtækri í hlutun</p> <p>Með því að innleiða TRAS og EFI“ stuðlum við að snemmtækri íhlutun sem er byggð á faglegri og markvissri athugun.</p> <p>Til að styrkja starfsmenn og kennara enn frekar í vinnu með börn með auknum skilningi á þörfum og þroska barna í</p>	<p>Hvernig framkvæmum við það? Með reglulegum fundum. Staðan tekin og yfirfarin reglulega, sett upp markmið hvað er að ganga vel og hvað ekki og hvað liggur að baki vinnunni.</p> <p>Með námskeiðum</p> <p>Með fyrirlestri haust 2024</p>	<p>Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir. Sérkennslustjóri, deildarstjórar.</p> <p>Sérkennslu-stjóri</p> <p>Deildarstjórar „aðstoðarleikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri</p>	<p>Hau st Sept 202 3</p>	<p>Vor Maí 202 4</p>	<p>Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Með skráningum, markmiðsáætlunum og samtölum við kennara og nemendur.</p> <p>Með reglulegum fundum og yfirferð á kennslu og þjálfun barnsins</p> <p>Notast við TRAS og EFI2 í foreldraviðtölum.</p> <p>Með umræðu</p>	<p>Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði</p> <p>Endurmat á markmiðum umbótaþætta hvernig til tókst og með viðtölum við kennara og nemendur hvernig þeirra upplifun var og er.</p> <p>Með umræðu</p>
---	---	--	---	--	----------------------------------	---	---



	tengilsmyndun um.							
--	-------------------	--	--	--	--	--	--	--

Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Gögn og laun
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu 10
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Málörvunarhópar
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Sjá greinagerð sérkennslustjóra.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Sj greinagerð sérkennslustjóra

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Öll fjöltyngd börn fái einstaklingsnámskrá. Þar sem unnið er út frá Hæfnisrömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Búa til enn frekari flæði og ábyrgð meðal kennara og barna í máltöku fjöltyngdra barna	Að hverju er stefnt? Að auðvelda mat og stöðu fjöltyngdra barna í íslensku. Að meta framfarir barnanna í íslenskri málátöku	Hvernig framkvæmum við það? Með ákveðnum matslistum fyrir fjöltyngd börn, deildarfundum og málörvunarhópum bæði sér og inni á deild þar sem kennarar eru gerðir virkir í þeirri vinnu. Námskeið í TRAS Námskeið í EFI 2 Sérkennslustjóri kemur á tengslum	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Sérkennslustjóri, sérkennari og deildarstjórar Sérkennslustjóri Sérkennslustjóri	Hau st 2022	Vor 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Við ætlum að nýta okkur þá lista sem til eru s.s. Einn leikskóli-mörg tungumál, Staða framfarir, framhald, Hæfnisrammar fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Orðaforðalistar frá Menntamálastofnun og Gefðu 10. Á reglulegum fundum með deildarstjórum	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Með endurmati út frá matslistum og hver staða barnsins er félagslega. Notkun á TRAS í foreldraviðtölum. Sterkari þjónusta.
Innleiðing TRASH Innleiðing EFI 2				Hau st 23			
Fá Brúarsmiði Miðju Máls og Læsis í heimsókn og kynna tilurð þeirra og tilgang fyrir deildarstjórum						Skoða stöðu vor 2024 þe hvort að þjónusta Brúarsmiða sé að nýtast,	

Starfsþróunarsamtöl 2022 og 2023 fóru fram í nóv, des og janúar.

Næsta vetur 2023-2024 verða svokölluð örviðtöl fyrir áramót í okt, nóv – Eftir áramótin í mas, apríl er áætlað að vera með starfsþróunarsamtöl.



Kennarar fóru á Tras námskeið – Allir starfsmenn fóru á skyndihjálparnámskeið – Fyrirlestur um starfsánægju – Jóganámskeið - Fyrirlestur um sérkennslu á vegum skóla og frístundar – Fyrirlestur um uppeldislega skráningu.

Fyrirhugað er: fara í námsferð erlendis eða út á land. Fyrirlestur um græn skref, hópefli, skyndihjálpar og hæglátt uppeldi. Framsögn og listkennslufræðsla.

Stjórn foreldrafélagsins var með nokkra viðburði á sýnum herðum árið 2022 - 2023 -
Skreytingarkvöld í desember, jólaball í Ráðhúsinu, sveitaferð og sumarhátíð.

Starfsdagar á næsta ári verða: 29. september (sameiginlegur) 27. nóv (sameiginlegur) 2. janúar (sameiginlegur)

11.. mars 8. maí og 10. maí

Foreldraráðið fundaði tvisvar yfir veturinn – farið var yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð við Tjarnarborg – Erindi var sent á Bílastæðasjóð vegna fyrirhugaðrar gjaldtöku við bæði hús skólans.

Samstarf á milli skólastiga hefur verið með hefðbundum hætti – Tilvonandi grunnskólanemar fóru reglulega yfir veturinn í heimsókn í Vesturbæjarskóla og frístund.

Næsta vetur verður samstarfið með sama hætti þ.e. börnin byrja á að fara í heimsókn á haustdögum (október og nóvember). Þá verður húsnæði skólans kynnt fyrir börnunum, bókasafnið og heimsókn inn í bekki. Eftir áramótin verður farið í marsmánuði og maí.

Börnin fá að kynna frístundastarfi í Vesturbæjarskóla með reglulegum heimsóknum bæði fyrir og eftir áramót. Október – Desember – Febrúar – Apríl og maí

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

8 Foreldrasamvinna

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Hulda Ásgeirsdóttir

01.07. 2023

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Foreldraráð Tjarnar samþykkir með ánægju starfsáætlunin frá 2023 til 2024.

Formaður

María Dagbjört Sveinsdóttir McEvoy

Kt.160489-2359

Aðrir

Kári Sævarsson

Kristel Finnbogadóttir

Arnaldur Schram

Skóladagatal 2023 - 2024

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 Þ Opnum aftur eftir fri	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L
2 M	2 L	2 M	2 F Foreldrakaff/stöðvavinna	2 L	2 Þ Starfs, sameiginli Vesturb	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M
4 F	4 M Aðlögun	4 M	4 L	4 M Piparkökubakstur	4 F stöðvavinna	4 S	4 M	4 F stöðvavinna	4 L	4 Þ
5 L	5 Þ	5 F Stöðvavinna	5 S	5 Þ Piparkökubakstur	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M skreyttigarkv foreldra	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F Sumarferðir hefjast
7 M Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ Foreldraviðtöl	7 F skapandi jólagleði með foreldr	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F stöðvavinna	7 S	7 Þ	7 F
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti/Fore	8 F	8 M	8 F stöðvavinna	8 F	8 M	8 M Starfsdagur	8 L
9 M	9 L	9 M	9 F Foreldraviðtöl	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F Starfsdagur	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F stöðvavinna	11 S Dagur íslenska táknaðsins	11 M Starfsdagur	11 F Morgunkaffi foreldra/stöðva	11 L	11 Þ
12 L	12 Þ	12 F Stöðvavinna	12 S	12 Þ Árbæjasafn	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S Mæðradagurinn	12 M
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F Útskrift og vorsýning
14 M	14 F Stöðvavinna	14 L	14 Þ Foreldraviðtöl	14 F Jólabball	14 S	14 M Óskudagur	14 F Dagur stærðfræðinnar/stöðva	14 S	14 Þ	14 F Útskrift
15 Þ	15 F	15 S	15 M Foreldraviðtöl	15 F	15 M	15 F stöðvavinna	15 F	15 M	15 M	15 L
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu/stöðva	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 S	17 Þ Foreldrafundur	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M Lyöveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M Foreldrafundur	18 L	18 M	18 F stöðvavinna	18 S Konudagur	18 M	18 F stöðvavinna	18 L	18 Þ
19 L	19 Þ	19 F Stöðvavinna	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M
20 S	20 M	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F Útskriftarferð í Viðey
21 M	21 F Stöðvavinna	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F stöðvavinna	21 S	21 Þ	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F stöðvavinna	22 F	22 M Foreldraviðtöl	22 M	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F stöðvavinna	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ Foreldraviðtöl	23 F	23 S
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M Foreldraviðtöl	24 F	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladaur	25 F stöðvavinna	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ
26 L	26 Þ Evrópski tungumaladagurinn	26 F stöðvavinna	26 S	26 Þ Annar í jölum	26 F Bóndadagur, ömmu og afa kal	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 S	27 M	27 F	27 M Stafs, sameigin Vesturbæja	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F
28 M Aðlögun	28 F Stöðvavinna	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Skirdagur	28 S	28 Þ	28 F
29 Þ	29 F Starfsd/ samráð Vesturbæja	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F stöðvavinna	29 F Fóstudagurinn langi	29 M Foreldraviðtöl	29 M	29 L
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ Foreldraviðtöl	30 F	30 S
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfs dagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfs dagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma a.m.k. þrjá starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.